

UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland

④ (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 11. apríl 2007

Tilvísun: UST20070300161/bs

Hellisheiðarvirkjun, rannsóknarborun fyrir niðurrennslistilraunir, Sveitarfélaginu Ölfusi. Matsskylda

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 20. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um matsskyldu ofangreindrar framkvæmdar. Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við framkvæmdina.

Framkvæmdir við borteig:

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er innan skilgreinds iðnaðarsvæðis við Hellisheiðarvirkjun. Svæðið hefur verið rannsakað í tengslum við mat á umhverfisáhrifum Hellisheiðavirkjunar. Samkvæmt þeim gögnum sem aflað var í tengslum við matið er ekki talið að áhrif framkvæmdarinnar á gróður og jarðmyndanir verði veruleg.

Áhrif á grunnvatn:

Framkvæmdaraðili telur að áhrif niðurrennslistilrauna á um eða meira en 1.000 m dýpi muni hafa óveruleg áhrif á grunnvatn. Vatn sem losað verður á þessu dýpi ætti að öllum líkindum ekki að geta borist í efra grunnvatnskerfið sem hefur að geyma neysluvatn því þykk jarðlög skilja að efra grunnvatnskerfið og jarðhitakerfið, en það síðar nefnda mun taka við niðurrennslisvatninu.



Vöktun: Með íblöndun kenniefna í niðurrennslisvatns hyggst framkvæmdaaðili fylgjast með afdrifum þess, þ.m.t. hvort þetta vatn blandist grunnvatni.

Niðurstaða:

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Stofnunin vill vekja athygli á 14. gr. reglugerðar nr. 797/1999 um varnír gegn mengun vatns, en þar segir: *Dæling vatns niður í jarðlög er heimil að fenginni umsögn Hollustuverndar ríkisins enda fylgi dælingunni engin hætta á mengun grunnvatns. Vatnsrannsóknir vegna dælinga skulu unnar í samráði við og samkvæmt skilyrðum sem Hollustuvernd ríkisins setur.*

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson

Stefán Einarsson

Fagstjóri